

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bjarni Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon,  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birgitta Jónsdóttir.

### 1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórnmalasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006, að báðum árum meðtöldum, jafnt til landsflokka sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

Ríkisendurskoðun skal að ósk frambjóðanda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar 2006 og 2007 veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun með sama hætti að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta innan stjórnmalasamtaka, formanns og varaformanns, veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2005 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. getur hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða, sbr. 4. mgr.

Við túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

Ríkisendurskoðun skal í þessu skyni veita viðtöku upplýsingum frá viðkomandi stjórnmalasamtökum og frambjóðendum um framlög til þeirra á tilgreindu tímabili, sbr. 1. og 2. mgr., og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmalasamtaka eða frambjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfni. Skal upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum þeirra sem óska eftir úrvinnslu og birtingu upplýsinga vera lokið fyrir 15. nóvember 2009. Ríkisendurskoðun er þó heimilt að framlengja þann frest um allt að einn mánuð.

Ríkisendurskoðun skal samræma upplýsingar sem miðlað er til hennar skv. 4. mgr. og birta með samræmdum hætti fyrir lok árs 2009 niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

- a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

Ríkisendurskoðun getur sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárfraflög, skuli metin til fjár.

Að öðru leyti en um getur í 5. mgr. er Ríkisendurskoðun bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 12. gr. laganna gildir ekki um upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af forustumönnum allra þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Frumvarpið byggist á sameiginlegri viljayfirlýsingu viðkomandi stjórnmalasamtaka, auk Frjálslynda flokksins, sem undirrituð var þann 14. júlí 2009 á vettvangi nefndar sem forsætisráðherra skipaði 15. maí 2009 til að endurskoða lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra sem og til að taka afstöðu til mögulegrar úttektar á framlögum til flokkanna á árunum áður en lögin tóku gildi. Fylgir viljayfirlýsingin frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Fyrir síðustu alþingiskosningar átti sér stað mikil umræða um styrkveitingar til stjórnmalaflokkanna og frambjóðenda þeirra á árunum áður en lög um fjármál stjórnmalasamtaka tóku gildi þann 1. janúar 2007. Er það samdóma álit þeirra stjórnmalasamtaka sem standa að framangreindri viljayfirlýsingu að samræmd upplýsingagjöf um framlög til flokkanna aftur í tímann sé besta leiðin til að auka traust og draga úr tortryggni sem skapast hefur meðal almennings á starfsemi þeirra. Er það jafnframt álit þeirra að rétt sé að fela Ríkisendurskoðun, með sérstakri lagaheimild, að annast úrvinnslu þessara upplýsinga og birta þær með samræmdum hætti. Er frumvarpið lagt fram í þeim tilgangi að endurskapa það traust sem nauðsynlegt er að ríki um starfsemi stjórnmalasamtaka í landinu.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem Ríkisendurskoðun verði veitt heimild til að taka við og birta upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra aftur í tímann. Úrvinnsla og birting upplýsinga um framlög til einstakra stjórnmalaflokka byggist, samkvæmt ákvæðinu, á því að viðkomandi stjórnmalasamtök óski sjálf eftir slíkri úttekt. Með hliðsjón af framangreindri viljayfirlýsingu stjórnmalaflokkanna er þó ljóst að þau stjórnmalasamtök sem að yfirlýsingunni standa munu öll beina slíkri ósk til Ríkisendurskoðunar. Með sama hætti er það skilyrði úttektar á framlögum til einstaklinga aftur í tímann að einstakir frambjóðendur óski sjálfir eftir því að slík úttekt fari fram og miðli í því skyni upplýsingum til Ríkisendurskoðunar. Í framangreindri viljayfirlýsingu skora þau stjórnmalasamtök sem að henni standa á frambjóðendur sína að

miðla upplýsingum til Ríkisendurskoðunar í þessu skyni. Það er þó eftir sem áður alfarið á valdi hvers frambjóðanda fyrir sig hvort hann verður við þeirri áskorun eða ekki. Í þessu sambandi skal það tekið fram að ekki þykir unnt með hliðsjón af grundvallarreglum um bann við afturvirkni laga að leggja lagaskyldu á frambjóðendur um upplýsingagjöf aftur í tímann. Undirstrika ber að hlutverk Ríkisendurskoðunar samkvæmt ákvæðinu felst einvörðungu í því að veita upplýsingum um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra viðtöku og birta þær með samræmdum hætti. Er Ríkisendurskoðun þó heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöf. Birting upplýsinga af hálfu Ríkisendurskoðunar felur því ekki í sér staðfestingu stofnunarinnar á réttmæti þeirra heldur hvílir sú ábyrgð alfarið á stjórnmalasamtökunum sjálfum og frambjóðendum þeirra að miðla upplýsingum til stofnunarinnar samkvæmt bestu vitneskju og mun allur misbrestur sem á því kann að verða vera á ábyrgð viðkomandi aðila.

Þær heimildir sem lagt er til að Ríkisendurskoðun fái eru í meginatriðum þrjúþættar.

Í fyrsta lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk stjórnmalasamtaka, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002–2006, jafnt til landsflokka sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er lagt til að stjórnmalasamtökum verði heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna. Ef erindi frá stjórnmalasamtökum undanþiggur fleira en þarna er heimilað ber Ríkisendurskoðun að vísa því frá.

Í öðru lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru árunum 2006 og 2007, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira.

Í þriðja lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta, formanns og varaformanns, innan stjórnmalasamtaka, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á tímabilinu frá og með árinu 2005 til og með ársins 2009.

Hvað frambjóðendur varðar þá er lagt til að hafi heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda á ársgrundvelli verið undir 300.000 kr. geti hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án þess að tilgreina nánar eða sundurliða upphæðir. Er þetta í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laganna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög, tengdir aðilar skuli taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

Í 4. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að Ríkisendurskoðun skuli í framangreindu skyni veita viðtöku upplýsingum frá viðkomandi stjórnmalasamtökum og frambjóðendum þeirra um framlög til þeirra á umræddu tímabili og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmalasamtaka eða frambjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfinni. Er lagt til að frestur stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra til að skila upplýsingum til Ríkisendurskoðunar verði til 15. nóvember 2009 en að Ríkisendurskoðun geti framlengt þann frest um allt að einn mánuð.

Í 5. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að Ríkisendurskoðun skuli taka við þeim upplýsingum sem til hennar er miðlað, skv. 4. mgr., og birta með samræmdum hætti niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

- a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

Með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum er ekki talið unnt að birta upplýsingar um nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þeirra fyrir slíku. Slík persónuverndarsjónarmið eiga ekki við þegar um lögaðila er að ræða. Þó er talið eðlilegt að hafi lögaðili krafist trúnaðar um styrkveitingar sínar til stjórnmalasamtaka eða einstakra frambjóðenda, hvort sem það var gert við veitingu styrksins eða síðar, þá skuli slíkur trúnaður virtur.

Þá er í 6. mgr. kveðið á um að Ríkisendurskoðun geti sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárfamlög, skuli metin til fjár.

Í 7. mgr. er kveðið á um að Ríkisendurskoðun sé bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæðinu að öðru leyti en leiðir af 5. mgr.

Loks er í 8. mgr. ákvæðisins mælt fyrir um að viðurlagaákvæði laganna taki ekki til upplýsingagjafar samkvæmt ákvæðinu. Þykir rétt að tekinn sé af allur vafi um þetta en ekki verður talið að unnt sé að beita viðurlögum samkvæmt ákvæðinu þar sem það felur ekki í sér lagaskyldu til upplýsingagjafar heldur byggist á frjálssu vali viðkomandi stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra. Eftir sem áður er gengið út frá því að upplýsingar séu veittar samkvæmt bestu vitund og ber að hafa í huga að misbrestur á því kann eftir atvikum að hafa pólitískar afleiðingar fyrir viðkomandi stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra.

## Fylgiskjal I.

### **Viljayfirlýsing um birtingu upplýsinga um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra.**

Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn ásamt Borgarahreyfingunni lýsa hér með yfir vilja sínum til þess að Ríkisendurskoðun verði falið, með sérstakri lagaheimild, að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárfamlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006 að báðum árunum meðtöldum eða til þess tíma þegar lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, tóku gildi. Við túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal í viljayfirlýsingu þessari taka mið af skilgreiningu hugtakanna í 2. gr. laga

nr. 162/2006. Miðast tímarammi við geymsluskyldu bókhaldsgagna samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald.

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu munu veita Ríkisendurskoðun samkvæmt bestu vitneskju allar fyrirbyggjandi upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra á umræddu tímabili auk upplýsinga um önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira, jafnt til landsflokka sem og allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári. Í þeim tilvikum þar sem þau stjórnmalasamtök sem að viljayfirlýsingu þessari standa hafa myndað kosningabandalög eða staðið sameiginlega að framboði í kosningum skulu þau gera samkomulag sín á milli um það hvernig staðið skuli að upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar vegna þeirra. Flokka skal framlög eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum.

Ríkisendurskoðun verði falið að taka við framangreindum upplýsingum sem til hennar er miðlað og birta með samræmdum hætti niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og kosningabandalög eftir atvikum sem hér segir:

1. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
2. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
3. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
4. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar án samþykkis hans. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari lýsa jafnframt vilja sínum til þess að Ríkisendurskoðun verði, með sérstakri lagaheimild, veitt heimild til að taka við og birta upplýsingar með sama hætti um framlög til einstakra frambjóðenda vegna forvala, prófkjara innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar á tímabilinu frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007 eða til þess tíma er lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, tóku gildi enda fari slík úrvinnsla og birting upplýsinga fram með fullu samþykki og þátttöku viðkomandi frambjóðanda. Jafnframt er það vilji aðila að Ríkisendurskoðun verði, með sérstakri lagaheimild, veitt sams konar heimild til að taka við og birta upplýsingar um framlög til einstakra frambjóðenda vegna kosninga til æðstu embætta innan stjórnmalasamtaka á árunum 2005 til 2009 að báðum árunum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. skal hann þó eiga kost á því að beina einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða. Fái Ríkisendurskoðun viðeigandi lagaheimild skora Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, með undirritun viljayfirlýsingar þessarar, á frambjóðendur sína að veita Ríkisendurskoðun samkvæmt bestu vitneskju allar fyrirbyggjandi upplýsingar um framlög til þeirra á umræddu tímabili.

Miðað verði við að upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar verði lokið fyrir 15. nóvember 2009 og að Ríkisendurskoðun birti niðurstöður sínar fyrir lok ársins.

Yfirlýsing þessi er gerð á vettvangi nefndar um endurskoðun laga um fjármál stjórnmalasamtaka og um upplýsingaskyldu þeirra sem forsætisráðherra skipaði 15. maí sl. Nefndin er

skipuð fulltrúum allra stjórnálagasamtaka sem átt hafa fulltrúa á Alþingi á umræddu tímabili auk fulltrúa Borgarahreyfingarinnar og undirrita þeir viljayfirlýsingu þessa í umboði stjórnálagasamtaka sinna. Yfirlýsingin er undirrituð í sjö samhljóða eintökum.

Reykjavík 14. júlí 2009.

---

Margrét S. Björnsdóttir  
f.h. Samfylkingarinnar

---

Gréta Ingbórsdóttir  
f.h. Sjálfstæðisflokksins

---

Drífa Snædal  
f.h. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

---

Sigfús Ingi Sigfússon  
f.h. Framsóknarflokksins

---

Magnús Reynir Guðmundsson  
f.h. Frjálslynda flokksins

---

Jóhann Kristjánsson  
f.h. Borgarahreyfingarinnar

---

Ágúst Geir Ágústsson  
formaður nefndar um fjármál stjórnálagaflokkanna

## Fylgiskjal II.

### **Bókun við viljayfirlýsingu.**

Með yfirlýsingu sem fylgir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnálagasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, skora stjórnálagaflokkarnir á frambjóðendur sína að veita Ríkisendurskoðun samkvæmt bestu vitneskju upplýsingar um framlög til þeirra á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. maí 2007. Vegna þessa er rétt að hafa í huga að 1. janúar 2007 tóku gildi ný lög um fjárreiður stjórnálagaflokka og frambjóðenda þeirra sem gerbreyttu fjármálaumhverfi stjórnálaganna á Íslandi. Helstu breytingarnar voru þær að framtalsskylda var lögð á og hámark sett á framlög, jafnt til einstakra frambjóðenda sem og stjórnálagahreyfinga.

Fyrir gildistöku laganna voru stjórnálagaflokkar bókhaldsskyldir og því ætti að vera hægt að skoða gögn þeirra aftur í tímann og sjá hvaðan styrkir til þeirra komu. Það sama gildir hins vegar ekki um einstaka frambjóðendur. Það að ætla sér að draga saman upplýsingar um hverjir styrktu frambjóðendur svo löngu eftir á mun aldrei verða annað en ófullkomin tilraun, viðleitni til þess að bregðast við neikvæðri umræðu um fjármál flokka og frambjóðenda. Hætt er við að upplýsingar vegna einstakra frambjóðenda verði illa samanburðarhæfar, bæði vegna þess að styrkir voru ekki eingöngu veittir í formi peninga og einnig vegna þess að fjöldi þeirra kjósenda, sem verið var að reyna að ná til, er mjög mismikill í einstökum kjördæmum og þátttaka mismikil eftir flokkum. Þeir sem greiddu atkvæði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins árið 2006 í Reykjavík voru til að mynda yfir tíu þúsund talsins og almennt hefur þátttaka í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins verið mun meiri en hjá öðrum framboðum.

Þar sem engin skylda hvíldi á frambjóðendum á þessum tíma að halda til haga gögnum um framboð sín eða gera á nokkurn hátt grein fyrir þeim verður ekki hægt að koma við neinni

tryggingu eða eftirliti með því að frambjóðendur geri grein fyrir öllum stuðningi sem þeir hafa fengið. Þessum veiku forsendum málsins er nauðsynlegt að halda til haga því miklar væntingar hafa verið til þeirrar vinnu sem hér hefur verið unnin. Það er að teknu tilliti til alls þessa sem Sjálfstæðisflokkurinn skorar á frambjóðendur sína að reiða fram upplýsingar vegna prófkjara sem þeir hafa tekið þátt í á umræddu tímabili. Á endanum er það undir hverjum frambjóðanda komið hvernig hann kys að bregðast við.

Bjarni Benediktsson,  
formaður Sjálfstæðisflokksins.